

Smölun á fjallabæjum.

Sendi sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps formlega fyrirspurn um smölun á fjallabæjum í Gnúpverjahreppi haustið 2024.

Því miður, hefur smölun hér á fjallabæjum ekki gengið vel undan farin ár. Landeigendur segjast ekki þurfa að smala, og eru 4 jarðir í eyði. Þar af leiðandi smalast illa og féð gengur úti og drepst og er fæði fyrir tófuna, og það sem nær að skrimta veturinn sáust sl. vor með nýfædd lömb, en ekkert er vitað í haust hvort það tórir því það er ekki smalað. Samkvæmt 40 gr fjallskilareglugerðar eiga landeigendur að smala ella á sveitastjórn að fá mannskap til þess, á kostnað landeigenda.

Allar þessar jarðir borga fjallskil, og er mín spurning sú hvort að fjallskilasjóður borgi ekki góðum smölum að hreinsa þessi jarðir.? Nú eða fara eftir fjallskilalögum og smala á kostnað landeigenda fyrir 1 nóvember.

Það þarf ekki nema 4 góða smala á einum degi með hunda til að hreinsa þessar jarðir, en það verður að smala þær allar saman á sama tíma því féð rennur á milli og engar girðingar. Skáldabúðir-Minni-Mástungu- St- Mástungu 1 og 2 og Hamarsheiði 1 og 2 og tel ég það mjög brýnt að þetta verði gert í haust og varðar þetta dýravelferð sauðkindarinnar. Núna 7 október hafa sjást hópar sérstaklega í Skáldabúðum, en þar hafa landeigendur aldrei smalað.

Með ósk um að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi sveitastjórnar.

7-10-2024 Sigrún Fossnesi.

